



Samkomulag um farsíma- og snjalltækjanotkun í Síðuskóla skólaárið 2019-2020

8.-10. bekkur

- + Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi. Kennari getur gefið leyfi ef nota á tækin í tengslum við námið.
- + Nemendur bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- + Við erum sammála um að í matsal (í matartíma) eru símar og snjalltæki ekki í notkun og ekki uppi á borði.
- + Við erum sammála um að símar og snjalltæki er hægt að nota til afþreyingar í frímínútum og eftir matartíma einungis á B-gangi.
- + Það er með öllu óheimilt að taka upp hljóð, myndir eða myndbönd á tækin nema með leyfi starfsmanns.
- + Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessu samkomulagi þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu skólans að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra.
Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til stjórnanda. Stjórnandi hefur þá samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sækir tækið.